

## Trúverðug fréttaveita, sálhernaður og sannleiksráðuneyti

Það er fátt nýtt undir sólinni eins og allir vita. Það á við um vitundariðnaðinn, sem á sér langa sögu. Átt er við markvissa skömmtun upplýsinga og hnitmiðaðan áróður stjórnvalda, stórfyrirtækja og samtaka. Hann er síendurtekinn bæði í fjölmiðlum og kennslubókum.

Í stjórnsýslu lýðræðisríkja hafa verið stofnaðar sálhernaðar- eða upplýsingaherdeildir til að tryggja réttar skoðanir almennings.

Áróðurinn miðar sem sé að rétttrúnaði. Það er rétttrúnaður, þegar einstaklingur, hópur eða þjóð, hefur sannfærst um hið eina rétta viðhorf – hefur fundið sannleikann. Þegar svo er komið finnur fólk til óþæginda við upplýsingar, sem brjóta í bága við sannfæringuna, rétttrúnaðinn. Það verður jafnvel óttaslegið, reitt og grípur stundum til ofbeldis.

Stjórnvöldum – líka í lýðræðisríkjum – ásamt (öðrum) hagsmunaaðiljum er kappsmál að fólk trúi þeim. Til viðbótar sál- eða upplýsingahernaði búa stjórnvöld yfir því valdbeitingarúrræði að lýsa upplýsingar leynilegar – iðulega til að blekkja kjósendur.

Yfirvöld njósna líka um þegnana. T.d. hafa flest ríki stofnað leyniþjónustur í einhverri mynd. Þær sakleysislegustu njósna um fólk eins og sú íslenska gerir. Þær skelfilegustu pynta og myrða fólk, steypa ríkisstjórnnum.

Það eru fjölmörg dæmi þess, að stjórnvöld og hagsmunaaðiljar sameinist í nefndum sál- eða upplýsingahernaði gegn þegnum. Í grein Exposé, sem getið er um neðanmáls, er fjallað um „Hina traustu fréttaveitu“ (The Trusted News Initiative). Hún var sérstaklega stofnuð sem hluti af veiruaðför yfirvalda og auðhringa. Þar er að finna sameinaðar fréttaveitur, sem standa á gömlum mergi, bæði einka- og ríkisreknar. Færð eru rök fyrir því, að þessi hernaður hafi stuðlað að miklu mannfalli í veirustríðinu.

Dæmi eru um skipulegt samstarf af þessum toga drjúga öld aftur í tímann. Þá áttu yfirvöld líka í stríði og þurftu að sannfæra unga karla og foreldra þeirra um þá heilögu skyldu að skjóta, sprengja, lífláta og lemstra unga karla handan landamæranna. Þá fengu þau kvenfrelsunarkonur í lið með sér. Þær leituðu upp

unglingspíla og unga karlmenn, sem kinokuðu sér við að fara á sláturvellina. Þær nældu hvíttri fjöður í barm þeirra til marks um hugleysið.

Áróðursherferðir hafa líka verið skipulagðar af samtökum, sem vilja ota sínum tota, skapa stemningu eða rétttrúnað, stunda trúboð eða skara eld að eigin köku. T.d. stunduðu Zionistar (hreyfing um stofnun nýs Ísraelsríkis í Palestínu) markvissa herferð áhugamáli sínu til framdráttar. Hún var studd af gyðinglega anga bankaveldisins.

Eitt dæmi af mörgum eru „Andmeinyrðasamtökin“ (Anti-Defamation League - ADL) til að vernda Gyðinga fyrir köpuryrðum eða ærumeiðingum. Þau voru stofnuð í Bandaríkjunum árið 1913. Ærumeiðingarnar fólu í sér - eins og falsfréttirnar og „samsæriskenningar“ á líðandi stundu - andstæðar skoðanir þeim, sem hagsmunaaðiljar létu í veðri vaka.

Fyrirtæki þetta er nú orðið alþjóðlegt og berst eins og íslenska ríkisstjórnin, gegn „hatursorðræðu“ til að vernda lýðræðið og fjölbreytnina. Það telur t.d. að banna eigi „haturorðræðuna“ gegn umskurði drengja.

ADL er öflugt áróðurs- og eftirlitsfyrirtæki, sem teygir anga sína til stjórnarsýslu, þjóðþinga, alþjóðastofanna og fjölmiðla. Samtökin lofa lagafrumvarp um andgyðinglega vöktun (Anti-Semitism Awareness Act) á námsefni í bandarískum skólum.

Augu ADL eru haukfrán. Meira að segja Alþingi Íslendinga er undir vökulu eftirliti, sbr. umræður um frumvarp þess efnis að banna umskurð drengja.

Svo segir Vísir: ““Fari svo að Ísland banni umskurð drengja og þar með gera það ómögulegt fyrir gyðinga og múslima að ala upp fjölskyldur í landinu, lofum við því að Íslandi verður hampað af nýnasistum, rasistum og öðrum öfgahópum,” segir í umsögn Jonathans A. Greenblatt, forstjóra ADL, um frumvarp um bann við umskurði drengja. ...

„Jafnvel þótt gyðingahatur hafi örugglega ekki búið að baki þessu frumvarpi munu áhrif innleiðingar þess verða vegsömun Íslands meðal viðurstyggilegustu fordómhópa. Þeir munu fagna slíku banni sem fyrstu lögunum í Evrópu frá seinni heimsstyrjöld til að gera ríki „Judenrein“, eða gyðingalaust. ...

Greenblatt hótar svo að samtökin muni neyðast til að magna upp jákvæða umfjöllun öfgahópa um bannið. Samtökin hafi rannsakað vel útbreiðslu gyðingahaturs á samfélagsmiðlum og viti að tiltölulega lítill hópur öfgamanna getur dreift skilaboðum sínum fljótt og örugglega á þeim vettvangi. ...

ADL greinir reglulega frá slíkum tilfellum og mun fjalla um hrós öfgamanna í garð Íslands. Við hvetjum ykkur til að íhuga fjölmiðlaathyglina sem umfjallanir ADL fá í Bandaríkjunum og alþjóðlega. Á síðustu sex mánuðum hafa rannsóknir okkar og sérfræðinga birst á CNN og NBC, í 60 Minutes og dagblöðum á borð við New York Times og The Washington Post.“

Þetta eru í aðalatriðum sömu fjölmiðlar og áður er frá greint. En eins og fyrr sagði berst ADL fyrir lýðræði og mannréttindum.

Dagblaðið (Dagbladet) í Noregi fer heldur ekki varhluta af sannleikstrúboði fyrirtækisins. Það var einmitt líka skammað fyrir umfjöllun um umskurð drengja.

Umrætt fyrirtæki hefur beitt sömu aðferðum og upplýsingahernaðarfyrirtæki stjórnvalda og auðhringa. T.d. gerði það skipulagða atögu að Wikipedíu og „leiðréttu“ höfunda hennar. ADL á/átti líka samstarf við Alríkislögregluna (FBI).

ADL lætur sér ekki nægja að hóta þjóðum. Fyrirtækið tekur líka virkan þátt í útskúfunarmenningunni. Fréttamaðurinn, Tucker Carson, er einn þeirra, sem fyrirtækið reyndi að útskúfa.

Hatursorðræða er hér um bil hvaðeina, sem samtökunum þóknast ekki. Skilgreining á hatri er stöðugt blásin út eins og skilgreining á kúgun kvenna og annarra „minnihlutahópa,“ samkvæmt skilningi „samskipunarkvenfrelsaranna“ (intersectional feminism).

Trúfélög Gyðinga virðast nú komin í þennan fjölskrúðuga hóp fórnarlamba hvítra karla. Barist er gegn kynþáttahatri, rétt eins og gyðingleg trúarbrögð hafi eitthvað með kynþátt að gera.

Kynþáttahatur skilgreinir forstjóri fyrirtækisins, Jonathan Greenblatt, sem „jaðarsetningu og/eða kúgun á litskinnum (people of color) á grundvelli tilbúinnar goggunarröðunar kynþáttanna, sem hyglir hvítu fólki.“

Jonathan bætir svo við, að enginn skuli „ofsóttur, lítillækkaður eða þola mismunum, vegna sjálfskilnings (identity),“ sama hvort heldur að litið sé til kynferðis, kyntilhneiginga, uppruna og svo framvegis.

Gyðingahatur, að dómi ADL, leynist víða. Fyrir tveim áratugum eða svo lagði fyrirtækið slátrun dýra að jöfnu við „slátrun“ Gyðinga í annarri heimstyrjöldinni (þó ekki kristinna manna, sem voru margfalt fleiri). „Útrýming á diskum þínum“ (Holocaust on Your Plate).

ADL beitir svipuðum aðferðum og leyniþjónustur og lögregla gerir, villir á sér heimildir og laumast inn í ýmisleg samtök. Fyrirtækið hefur nokkrum sinnum hlotið dóm fyrir njósnir m.a.

Jafnréttisþula Jonathan er áþekk íslensku jafnréttislöggjöfinni, en samtökin kvarta yfir því, að andgyðingleg viðhorf (anti semitism) séu orðin áberandi. Kvenfrelsarar kvarta líka yfir því, að „afturkippur“ sé kominn í kvenfrelsun og hinseginmennsku.

Það er að sönnu eftirtektarverð tilviljun, að „Andgyðinglegu meinyrðasamtökin“ voru stofnuð árið 1913 á sama ári og alþjóðlegt auðvald stofnaði Seðlabanka Bandaríkjanna. Hinn gyðingalega hluti þess fór í broddi fylkingar.

Þar með biðu ósigur, Andrew Jackson (1767-1845), fyrrverandi forseti, og fleiri bandarískir stjórnámálmenn. Á því méli var stóð undirbúningur fyrir fyrri heimstyrjöldina sem hæst og Zionistahreyfingin barðist hatrammri baráttu fyrir að stofna nýtt Ísraelsríki í Palestínu.

Barátta og áróður af þessu tagi hefur, m.a. fyrir atbeina Sameinuðu þjóðanna, færst yfir í allra handa óopinber- eða hálfopinber samtök og sjóði, frjáls félagasamtök (non-governmental organization). Kunnir eru bólusetningasjóðir auðjöfursins, Bill Gates, og lýðræðissjóðir George Soros. Báðir starfa ötullega á mannúðarmarkaðnum.

Íslendingar hafa hrifist með í alþjóðlegri „and-haturorðræðu-baráttu“ eins og ADL stundar. Aðferðirnar eru þær sömu í megingreinum.

Áróðurinn gengur stundum undir dulnefninu, fræðsla. Stundum skal binda hann í lög. Nýjasta dæmið er haturorðræðulöggjöfin Katrínar, sem er mikil áhugamaður um valdhafastýrt málfrelsi. Nýleg fékk t.d. Fjölmiðlanefnd styrki til að sinna þessu. Það hafa samtökin 78 líka fengið, 50 millur, að mig minnir.

Og aftur að veirufárinu. Í téðri grein Exposé eru færð rök fyrir því augljósa. Hefði almenningur fengið réttar upplýsingar, en ekki ritskoðaðar, þ.e. grugguga lygi, hefði hann tæpast boðið bera upphandleggi fyrir stungurnar.

Því hafi yfirvöld stuðlað að dauða, heilsuleysi, eymd og volæði, enda þótt þau reyni enn að sannfæra okkur um annað í trássi við endurteknar ábendingar um glæpsamlegt vísinda- og framleiðslufúsk lyfjafyrirtækjanna og fjölda óháðra rannsóknarniðurstaða um innihald bóluefnanna og áhrif. Þau eru hörmuleg. Bandaríkjastjórn hefur neyðst til að byrja greiðslur skaðabóta.

Ofangreind reynsla hlýtur að kenna okkur nauðsyn sjálfstæðrar eftirgrennslanar og gagnrýninnar hugsunar. Stjórnvöld eru ekki sjálfgefið trúverðug. Um þessar mundir móta fjölmiðlar og upplýsingafyrirtæki þá sögu, sem skráð verður í áróðurs(for)rit valdhafa fyrir næstu kynslóð.

Mannvirðing og -réttindi eru sjálfgefin í lýðræðissamfélagi. En þeim skal ekki misbeita í þeim tilgangi að hindra málefnalega, lýðræðislega, siðlega og heiðarlega umræðu um hvaðeina.

Lýk þessum pistli með ábendingu Vilhjálms H. Vilhjálmssonar, hæstaréttarlögmanns:

„Það eiga allir rétt á að tjá sig. Það að eiga líka allir rétt á friðhelgi einkalífs. Það má því ekki fortakslaust segja hvað sem er, hvenær sem er, um hvern sem er. Og beita við það hvaða aðferðum sem er. Mannréttindi gilda um alla. Ekki suma. Mannréttindi gilda alltaf. Ekki stundum.

Mannréttindi eru ekki sjálfsögð. Þó þau eigi að vera það. Það eru ekki allir sem njóta þeirra. Þó þeir eigi að gera það. Því er rétt að brúka þessi réttindi vel. Vinsamlegast hafið það í huga.“

[https://www.visir.is/g/20232401961d/til-theirra-er-malid-wardar?fbclid=IwAR0UPxCbnp85-wJjnOBGjV2WetMC\\_wMV3K1rwouL-HbKC\\_uS50AP546UfYg](https://www.visir.is/g/20232401961d/til-theirra-er-malid-wardar?fbclid=IwAR0UPxCbnp85-wJjnOBGjV2WetMC_wMV3K1rwouL-HbKC_uS50AP546UfYg)

<https://www.adl.org/>

<https://hatchardreport.com/government-and-media-censorship/https://hatchardreport.com/government-and-media-censorship/>

[https://articles.mercola.com/sites/articles/archive/2023/04/14/companies-control-global-propaganda.aspx?ui=50823ccf152775dc8e8154c0ff79da522ef0aa959b384df904857f2fc49c6730&sd=20221129&cid\\_source=dnl&cid\\_medium=email&cid\\_content=art1HL&cid=20230414\\_HL2&cid=DM1381916&bid=1772673277](https://articles.mercola.com/sites/articles/archive/2023/04/14/companies-control-global-propaganda.aspx?ui=50823ccf152775dc8e8154c0ff79da522ef0aa959b384df904857f2fc49c6730&sd=20221129&cid_source=dnl&cid_medium=email&cid_content=art1HL&cid=20230414_HL2&cid=DM1381916&bid=1772673277)

<https://www.adl.org/resources/press-release/adl-hails-introduction-anti-semitism-awareness-act>

[https://childrenshealthdefense.org/defender/covid-vaccine-injury-claims-hrsa/?utm\\_source=luminate&utm\\_medium=email&utm\\_campaign=defender&utm\\_id=20230413](https://childrenshealthdefense.org/defender/covid-vaccine-injury-claims-hrsa/?utm_source=luminate&utm_medium=email&utm_campaign=defender&utm_id=20230413)

<https://expose-news.com/2023/04/14/uk-180k-dead-60-days-c19-vaccination/>

[https://www.rebelnews.com/ontario-embalmer-speaks-out-about-never-before-seen-white-fibre-masses?fbclid=IwAR0\\_O0TlqS8cz36krLzT7KJvjAC3sBgxtqxcREhXXpTqn\\_Wdte4gxE212So](https://www.rebelnews.com/ontario-embalmer-speaks-out-about-never-before-seen-white-fibre-masses?fbclid=IwAR0_O0TlqS8cz36krLzT7KJvjAC3sBgxtqxcREhXXpTqn_Wdte4gxE212So)

<https://hatchardreport.com/how-can-people-in-power-lie-so-comfortably/>

<https://www.britannica.com/topic/Anti-Defamation-League>

<https://www.visir.is/g/2018180329675/adl-hotar-ad-magna-upp-hros-nasista-um-umskurdarbann>

<https://www.visir.is/g/2018180319314/segja-um-skurdar-frum-varpid-skila-bod-um-ad-gydingar-og-muslimar-seu-o-vel-komnir-a-is-landi>

<https://grapevine.is/news/2018/03/22/american-anti-defamation-league-speaks-up-about-circumcision-ban/>

<https://j0nathan-g.medium.com/getting-it-right-in-defining-racism-3c01a517bf9d>

[https://en.wikipedia.org/wiki/Anti-Defamation\\_League](https://en.wikipedia.org/wiki/Anti-Defamation_League)

<https://www.bostonreview.net/articles/emmaia-gelman-anti-defamation-league/>

<https://dc.adl.org/>

<https://www.npr.org/2022/11/30/1139971241/anti-semitism-is-on-the-rise-and-not-just-among-high-profile-figures>

<https://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/eci.13998>

<https://hemali.no/siste/film-fra-hemali-beretninger-etter-vaksinering/>

<https://www.ema.europa.eu/en/human-regulatory/overview/public-health-threats/coronavirus-disease-covid-19/treatments-vaccines/vaccines-covid-19/safety-covid-19-vaccines>

<https://expose-news.com/2023/04/13/pfizer-documents-confirm-high-rate-miscarriage/>

<https://expose-news.com/2023/04/13/bbc-trusted-news-initiative-2m-excess-deaths-c19-jabs/>